



MAT Á ÁHRIFUM LAGASETNINGAR*

– sbr. samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 24. febrúar 2023

*umfjöllun um einstök efnisatriði misjafnlega ítarleg, eftir umfangi máls og eðli

Málsheiti og nr.	Frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940 (öryggisráðstafanir). DMR25040207.
Ráðuneyti	Dómsmálaráðuneyti
Stig mats	☒ Frummat, sbr. 1. gr. ☐ Endanlegt mat, sbr. 10. gr.
Dags.	22. júlí 2025.

A. Greining og mat á fjárhagslegum áhrifabáttum fyrir ríkið

1. **Áætluð fjárhagsáhrif fyrir ríkið vegna helstu breytinga og ráðstafana sem felast í fyrirhugaðri lagasetningu, þar sem tilgreindir eru sérstaklega áhrifabættir á fjárhag ríkissjóðs.**
 - a) Hvaða fjárhagsgreining, rekstraráætlanir, reiknilíkön eða önnur áætlanagerð hefur farið fram við undirbúning fjárhagsmatsins?
 - b) Helstu forsendur sem áætlanir byggja á og næmni niðurstaðna fyrir frávikum.
 - c) Eru fjárhagsáhrif tímabundin eða varanleg?
 - d) Skorður sem eru settar fyrir útgjöldum og hvatar sem geta haft áhrif á útgjaldaþróun.
 - e) Aðskilin umfjöllun um brúttóáhrif á tekjuhlið og gjaldahlið en einnig tilgreind nettóáhrif á afkomu.
2. **Tekjubreytingar.**

– Sjá gátlista fyrir mat á fjárhagsáhrifum.
3. **Útgjaldabreytingar.**

Fyrirhugað frumvarp sem hér um ræðir miðar að því að taka af allan vafa um það hver beri ábyrgð á framkvæmd öryggisráðstafana og tryggja það að viðkomandi einstaklingur sé vistaður á réttum stað. Allur kostnaður sem tengist breytingunum fellur á málaflokk sem heyrir undir félags- og húsnæðismálaráðuneytið sem gerð er grein fyrir í áformum FRN um öryggisráðstafanir samkvæmt dómsúrlausn.
4. **Eignabreytingar.**

– Sjá sérstakan gátlista fyrir mat á fjárhagsáhrifum.
5. **Aðrir áhrifabættir varðandi ríkisfjármál.**
 - a) Samræmi við viðmið og sjónarmið um fyrirkomulag á útgjaldastýringu og umbúnað í fjárlögum.

- b) Samræmi við viðmið um framsetningu fjárlaga og reikningshaldslegan grundvöll samkvæmt lögum um opinber fjármál.
- c) Uppbygging skattkerfis og tekjuöflunar ríkissjóðs.
- d) Forsendur og umbúnaður þjónustugjalda – lagakröfur.
- e) Rekstrarform ríkisstarfsemi.
- f) Opinber innkaup og útboð.
- g) Eignaumsýsla ríkisins.
- h) Réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna.
- i) Ríkisstyrkir og ívilnanir, þ.m.t. samræmi við reglur ESA, sbr. 61. gr. EES-samningsins. Ath. tilkynningarskyldu með tveggja mánaða fyrirvara.

B. Samræmi við útgjaldaramma og fimm ára fjármálaætlun – fjármögnun

1. Hefur verið gert ráð fyrir þeim fjárhagsáhrifum á málaflokk sem leiða kunna af samþykkt frumvarpsins:
 - a) í gildandi fjárlögum
 - b) í fjárlagafrumvarpi komandi árs
 - c) í fimm ára fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar
2. Hafi ekki þegar verið gert ráð fyrir útgjöldum við verkefni, hvernig er þá ætlunin að finna þeim stað innan útgjaldaramma málaflokks, t.d. með tilfærslu fjármuna eða með því að draga úr öðrum útgjöldum?
3. Tengist einhver ný eða aukin tekjuöflun verkefninu?

Nei.

C. Efnahagsáhrif – áhrif á atvinnulíf, vinnumarkað og samkeppni

1. Hagræn áhrif á heildareftirspurn og einstaka markaði – hagstjórnarsjónarmið.
2. Áhrif á fyrirtækjaeftirlit og reglubyrði, hversu mörg fyrirtæki verða fyrir áhrifum og hvers konar fyrirtæki? Einföldun laga eða stjórnsýslu? Leitað umsagnar ráðgjafarnefndar um opinberar eftirlitsreglur, sbr. lög nr. 27/1999?
– Sjá leiðarvísinn „Grunnmat á eftirlitsreglum“
3. Samkeppnisiskilyrði.
 - a) Líkur á því að fjöldi fyrirtækja á markaði takmarkist með beinum hætti vegna reglusetningar (líklegt ef aðgerðin felur í sér einhvers konar einkarétt, leyfiskerfi eða kvóta).
 - b) Líkur á því að fyrirtækjum á markaði fækki með óbeinum hætti vegna reglusetningar (líklegt ef aðgerðin felur í sér aukinn kostnað við inngöngu á markað eða tekur aðeins til

hluta starfandi fyrirtækja).

- c) Takmarkanir á möguleikum fyrirtækja til þess að mæta samkeppni vegna reglusetningar (líklegt ef aðgerðin hefur áhrif á verð fyrirtækja eða eðli vörunnar, t.d. staðlar eða ef aðgerðin takmarkar sölusvæði, svigrúm til að auglýsa eða til að ákveða hvernig vara er framleidd).
- d) Takmarkanir á frumkvæði fyrirtækja til að stunda virka samkeppni vegna reglusetningar (líklegt ef aðgerðin felur í sér að fyrirtæki verði undanþegin samkeppnislögum eða ef fyrirtæki bera skyldu eða eru hvött til að skipta með sér hvers konar viðskiptalegum upplýsingum)

D. Önnur áhrif

1. Áhrif á fjárhag sveitarfélaga, sbr. 129. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011.

– Ath. að skylt er að leggja slíkt mat fyrir Samband íslenskra sveitarfélaga til umsagnar og tilkynna niðurstöðu máls til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins.

Ekki er talið að áformaðar breytingar hafi áhrif á sveitarfélögin.

2. Áhrif á frelsi til að veita þjónustu (með eða án staðfestu á Íslandi).

– Ath. tilkynningarskyldu til ESA með fjögurra mánaða fyrirvara, sbr. 1. og 2. gr. reglugerðar nr. 666/2011.

3. Áhrif á tæknilegar reglur um vöru og fjarþjónustu, sbr. lög nr. 57/2000.

– Ath. tilkynningarskyldu til ESA með þriggja mánaða fyrirvara, sbr. 1. og 2. gr. reglugerðar nr. 666/2011.

4. Áhrif á byggðalög.

5. Áhrif á frjáls félagasamtök.

Ekki er búist við að efni fyrirhugaðs frumvarps hafi áhrif á frjáls félagasamtök. Það liggur þó fyrir að ritun frumvarps verður gerð í samráði við hagsmunasamtök þeirra hópa sem málið varðar. Það eru Geðhjálp, Þroskahjálp, ÖBÍ réttindasamtök og Afstaða, félag fanga.

6. Áhrif á jafnrétti kynjanna.

Fyrirhuguð lagasetning mun fyrst og fremst hafa áhrif á einstaklinga sem dæmdir eru til að sæta öryggisráðstöfunum, aðstandendur þeirra og þá aðila sem koma að þjónustu og framkvæmd öryggisráðstafana.

Tölfræði um jafnrétti kynja er af skörum skammti í þeim málaflokki sem er hér til umfjöllunar. Erfitt er að ná heildaryfirsýn yfir dómsniðurstöður undanfarinna ára til að greina tölfræði málaflokksins með fullnægjandi hætti. Ástæður þess er að dómur eru í sumum tilvikum ekki birtir með opinberum hætti, þeir eru misaðgengilegir og stundum hafa allar persónulegar upplýsingar verið hreinsaðar úr dómsniðurstöðu áður en opinber birting á sér stað. Þau gögn sem eru þó aðgengilega bera með sér að karlmenn eru í meirihluta þeirra sem hafa hlotið dóm á grundvelli VII. kafla hegningarlaga. Ekki liggur fyrir tölfræði um kyn brotaþola í þessum málaflokki en það má þó leiða líkur að því að þar séu konur stór hópur eins og á við um flesta tölfræði um þolendur offeldis.

7. Áhrif á lýðheilsu.

Meðal markmiða frumvarpsins er að skýra ábyrgð og framkvæmd öryggisráðstafana á Íslandi og treysta réttarstöðu þeirra sem sæta slíkum ráðstöfunum. Með því að tryggja þeim sem þurfa á slíkum ráðstöfunum að halda viðeigandi og einstaklingsbundna þjónustu, m.a. með

reglulegri endurskoðun ráðstafana, getur efni frumvarpsins haft jákvæð áhrif á lýðheilsu umræddra einstaklinga.

8. Áhrif á menntun, nýsköpun og rannsóknir.

9. Áhrif á möguleika einstaklinga og fyrirtækja til að eiga samskipti þvert á norræn landamæri.

10. Áhrif á stjórnsýslu, svo sem hvort ráðuneyti og stofnanir eru í stakk búin til að taka við verkefni.

Talið er að þær stofnanir sem frumvarpið hefur áhrif á séu í stakk búnar til að sinna þeim verkefnum sem í því felast. Áformað er að kveða með skýrari hætti á um hvenær grípa megi til hvaða öryggisráðstafana skv. 62. gr., þ.e. að í ákvæðunum verði kveðið á um atriði sem dómari skal líta til við mat á því hvort beita eigi öryggisráðstöfunum og þá hvaða ráðstöfunum. Gert er ráð fyrir að það muni hafa jákvæð áhrif á þá aðila sem koma að þessum málum fyrir dómi, s.s. saksóknara og dómara, þar sem beiting ákvæðanna verði gagnsærri og fyrirsjáanlegri. Það sama á við um 67. gr. laganna, en á það ákvæði hefur nær aldrei reynt þar sem gildandi ákvæði er talið of óljóst til að beita.

Áformin gera ráð fyrir að heimilt verði að vista einstaklinga áfram í fangelsi eftir að afplánun refsisdóms lýkur. Ákvæðið mun aðeins eiga við um örfáa einstaklinga og er Fangelsismálastofnun því talin í stakk búin til að sinna því.

Helsta áskorunin felst í að setja á fót nýja stofnun sem fer með framkvæmd öryggisráðstafana, en það er á forræði félags- og húsnæðismálaráðuneytis og nánar fjallað um það í áformaskjali þess ráðuneytis um frumvarp um öryggisráðstafanir samkvæmt dómsúrlausn.

11. Áhrif á stöðu tiltekinna þjóðfélagshópa, svo sem aldurshópa, tekjuhópa, mismunandi fjölskyldugerðir, launþega/sjálfstætt starfandi/utan vinnumarkaðar.

12. Áhrif á umhverfi og sjálfbæra þróun.

E. Niðurstaða mats – með vísun í fylgiskjöl ef við á

1. Samandregin niðurstaða fjárhagsáhrifa fyrir ríkissjóð – heildarútkoma varðandi tekjur, gjöld, afkomu og efnahag.

Fyrirhugað frumvarp sem hér um ræðir miðar að því að taka af allan vafa um það hver beri ábyrgð á framkvæmd og fullnustu öryggisráðstafana samkvæmt dómsúrlausn og tryggja það að viðkomandi einstaklingur sé vistaður á réttum stað. Allur kostnaður sem tengist breytingunum fellur á málaflokk sem heyrir undir félags- og húsnæðismálaráðuneytið sem gerð er grein fyrir í áformum FRN um öryggisráðstafanir samkvæmt dómsúrlausn.

2. Önnur áhrif en bein fjárhagsáhrif, álitamál eða fyrirvarar sem ástæða þykir til að vekja athygli á.

3. Samfélagslegur ávinningur veginn á móti kostnaði og fyrirhöfn (ekki gerð krafa um tölulegt mat).

Fjallað verður um samfélagsáhrif í framangreindum áformum félags- og húsnæðismálaráðuneytis.

F. Til útfyllingar vegna endanlegs mats – breytingar frá frummati

1. Voru áform um lagasetninguna ásamt frummati á áhrifum kynnt fyrir FJR?

2. Eru helstu efnisatriði frumvarpsins óbreytt/lítið breytt frá þeim tíma?

3. Ef gerðar hafa verið breytingar umfram það, sbr. það frummat á áhrifum frumvarpsins sem áður var kynnt, hverjar eru þær og hver eru fjárhagsáhrifin?

]